

varnaraðila að fjárhæð kr. 915.144,00, eins og varnaraðili hefur viðurkennt. Telja verður kröfu sóknaraðila um vexti af kröfufjárhæð þessari nægilega snemma fram komna, þótt hennar hafi ekki verið getið í kröfulýsingu hans, en vaxtakröfuna verður að meta sem eftirstæða kröfu við búskiptin samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að sóknaraðila verði gert að greiða varnaraðila kr. 65.000,00 í málskostnað.

Markús Sigurbjörnsson borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, um viðurkenningu stöðu utan skuldaraðar fyrir lýstri kröfu á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., að fjárhæð kr. 915.144,00.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kr. 65.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. maí 1987.

Nr. 326/1986.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristjáni Inga Einarssyni

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

Iðnaðarlög. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. nóvember 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Í ákæruskjali dags. 5. nóvember 1985 er ákærða gefið að sök að hafa rekið ljósmyndaiðnað og ljósmyndapjónustu frá árinu 1983 bæði í eigin nafni og undir firmanafninu Skíma sf., án iðnréttinda

í ljósmyndaiðn, og fyrir að hafa selt slíka þjónustu þeim, sem eftir henni leituðu og kaupa vildu, þ. á m. myndir af alþingismönnum fyrir Handbók Alþingis 1984. Í kæru Landssambands iðnaðarmanna dags. 10. janúar 1985, sem var tilefni ákæru, er tekið fram, að atvinnurekstur ákærða á sviði ljósmyndunar hafi verið mikill að umfangi og eru nafngreindir sex aðilar, sem notið hafi þjónustu ákærða og tekið fram, að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða, heldur aðeins örfá tilvik af mörgum. Rannsókn málsins snerist þó nær eingöngu um þátt ákærða í gerð handbókar Alþingis 1984, og var því lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að brot ákærða væri fyrst og fremst fólgið í töku andlitsmynda af alþingismönnum en ákæruvaldið horfði fram hjá hinum ákæruatriðunum. Í málinu hefur hvorki verið upplýst um umfang ljósmyndastarfsemi ákærða né hvaða tekjur hann hefur haft af þeirri starfsemi. Ákærði heldur því fram, að hann stundi ljósmyndun sem tómstundavinnu, hann auglýsi ekki starfsemi sína og vinni einn að henni, og í málinu er upplýst, að ákærði er prentsmiðjustjóri í fullu starfi.

Lög nr. 42/1978 taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni og er lögð refsing við því að reka iðnað, án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi. Þótt sannað sé, að ákærði hafi tekið myndir í Handbók Alþingis 1984 gegn greiðslu, þykir það afmarkaða tilvik út af fyrir sig ekki nægja til að telja hann hafa rekið ljósmyndaiðnað í atvinnuskyni í merkingu laga nr. 42/1978. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, 25.000,00 krónur, og skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ingi Einarsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigmundar Hannessonar héraðsdómslögmanns, 25.000,00 krónur, og skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Meðal nýrra gagna, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, eru reikningar frá 1984 og 1985 frá Skímu sf. til Alþingis fyrir ljósmyndir í handbók þess. Reikningarnir eru á prentuðum eyðublöðum frá Skímu sf., sem sögð er reka „bóka og ljósmyndaþjónustu“. Þá voru réttinum afhentar 3 barnabækur. Fyrsta bókin kom út 1981 og hin næsta ári síðar. Útgefandi beggja var Bjallan. Ákærði hafði tekið myndirnar í bókunum. Það hafði hann einnig gert í þriðju bókina, sem Skíma sf. gaf út 1983. Í öllum bókunum segir, að ákærði hafi séð um uppsetningu eða útlit. Þá er fram komið, að í Símaskrá 1986 er að finna Skímu sf., ljósmyndaþjónstu og bókaútgáfu.

Úrslit máls þessa ráðast af því, hvort sannað er, að ákærði hafi rekið handiðnað. Verður að meta, hvort hann hafi stundað störf, sem falla undir löggiltar iðngreinar, og sé svo, hvort það hafi verið í svo ríkum mæli í atvinnuskyni, að um rekstur hafi verið að ræða.

Þegar þau gögn eru virt, sem lýst var, svo og það, sem segir í forsendum héraðsdóms, tel ég að sakfella beri ákærða eins og þar er gert. Þar sem meirihluti Hæstaréttar hefur komist að annarri niðurstöðu, eru ekki efni til að ég fjalli frekar um málið.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. október 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 8. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 513/1986: Ákærvaldið gegn Kristjáni Inga Einarssyni, sem tekið var til dóms 19. f.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 5. nóvember sl. á hendur ákærða Kristjáni Inga Einarssyni prentsmiðjustjóra, Framnesvegi 31 í Reykjavík, fæddum þar í borg 15. október 1952.

Í ákærinni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir iðnlagabrot með því að hafa allt frá árinu 1983 og til þessa rekið að Framnesvegi 31 í Reykjavík, bæði í eigin nafni og undir firmanafninu Skíma sf., er ákærði lét þann 28. október 1983 skrá í firmaskrá Rekjavíkur sem sameignarfélag sitt og eiginkonu sinnar, ljósmyndaiðnað og ljósmyndaþjónustu án nokkurra iðnréttinda í ljósmyndaiðn og fyrir að hafa selt slíka þjónustu þeim er eftir henni leituðu og kaupa vildu. Á meðal seldrar ljósmyndaþjónustu ákærða voru andlitsmyndir af 59 alþingismönnum fyrir „Handbók Alþingis 1984“, sem útgefin var af Alþingi 1984.

Brot ákærða telst varða við 8. gr., sbr. 3. tölul. 15. gr. iðnaðarlaga nr. 42, 1978.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Með bréfi Landssambands iðnaðarmanna — samtaka atvinnurekenda í löggiltum iðngreinum —, dagsettu 10. janúar 1985, til ríkissaksóknara, undirrituðu af Sigmari Ármannssyni lögfræðingi, er þess farið á leit að beiðni Þóris Óskarssonar, formanns Ljósmyndarafélags Íslands, að embætti ríkissaksóknara beiti sér fyrir því að fram fari rannsókn á ætluðum brotum ákærða Kristjáns Inga Einarssonar á iðnlöggjöfinni og lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Í kærinni segir að ákærði hafi um allnokkurt skeið átt og rekið ljósmyndarþjónustu í Reykjavík undir heitinu Skíma sf. og hafi þessi atvinnurekstur ákærða á sviði ljósmyndunar verið mikill að umfangi. Sem dæmi er nefnt:

1. Ýmsar auglýsingamyndir fyrir Blóm og ávexti/Alaska, sem birtust í Morgunblaðinu í desembermánuði 1984.

2. Auglýsingamyndir í nýlegum bæklingi fyrirtækisins Xið, Laugavegi 33, R.

3. Myndir (portrett) í Handbók Alþingis, útg. af Alþingi 1984.

4. Ýmis ljósmyndunarverkefni fyrir Námsgagnastofnun, Múlalund og Iðnaðarbanka Íslands hf. (m.a. í tengslum við 20 ára afmæli útibús bankans í Hafnarfirði haustið 1984).

Sagt er að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða, heldur einungis örfá tilvik af mörgum.

Í kærinni segir að ákærði hafi engin réttindi í ljósmyndun og ekki hafi hann né fyrirtæki hans, Skíma sf., í þjónstu sinni réttindafólk í iðngreininni, en samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 558/1982 um iðnfræðslu sé ljósmyndun talin í hópi löggiltra iðngreina. Skiptist greinin að meginefni í tvennt skv. reglugerðinni, þ.e. í fyrsta lagi almenn ljósmyndun (oft nefnt iðnaðar- og auglýsingaljósmyndun) og í annan stað persónuljósmyndun.

Síðan segir í kærinni m.a.

„Samkvæmt 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1979 skulu löggiltar iðngreinar sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar skv. iðnfræðslulögum og reglugerðum settur skv. þeim ávallt reknar undir forstöðu meistara. Ennfremur segir þar að rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafi meistara, sveinar og nemendur í iðngreininni.

Sú háttsemi Kristjáns Inga Einarssonar að reka ljósmyndunarþjónustu með þeim hætti sem að ofan var lýst og fara þannig inn á lögvarið verksvið

hinnar löggiltu iðngreinar, ljósmyndunar, er því skýlaust brot á gildandi iðnlöggjöf, sem fara ber með í samræmi við ákvæði 15. gr. i.f. laga nr. 41/1978.

Ástæða er til að ætla að háttsemi Kristjáns Inga sé ekki einvörðungu brot á iðnlöggjöfinni, heldur hafi hann og gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. hefur Kristján gefið sig út fyrir að vera ljósmyndari og þannig gefið væntanlegum viðsejendum rangar og villandi upplýsingar um starfsstöðu sína, menntun, kunnáttu og hæfni. Gengur slíkt bersýnilega í berhögg við ákvæði áðurgreindra laga nr. 56/1978. Skal sérstaklega bent í þessu sambandi á 27. gr. laganna.“

Ríkissaksóknari sendi málið til lögreglustjórans í Reykjavík með bréfi dags. 6. mars 1985 og óskaði þess, að málið yrði tekið til rannsóknar á grundvelli 1.-4. tölul. 15. gr. iðnaðarlaga nr. 42, 1978.

Vitnið Þórir Halldór Óskarsson, Bergstaðastræti 62A í Reykjavík, mætti hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík hinn 21. mars 1985 og gerði frekari grein fyrir kærinni. Kvað hann þau verkefni, sem ákærði hefði tekið að sér og unnið, vera að öllu leyti sambærileg við þau verkefni sem ljósmyndastofur reknar af iðnlærðum mönnum tækju að sér.

Mánudaginn 1. apríl 1985 fóru tveir lögreglumenn að Framnesvegi 31 og höfðu tal af ákærða. Annar lögreglumannanna, vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumadur, gerði skýrslu um förina. Í skýrslunni segir svo:

— — —

Ákærði gaf rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík skýrslu hinn 13. júní 1985.

— — —

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við meðferð málsins.

Ákærði segir, að honum finnist ákæra málsins ekki eiga við rök að styðjast.

Ákærði kannast við að hafa allt frá árinu 1983 og til þessa rekið að Framnesvegi 31 í Reykjavík undir firmanafninu Skíma sf., sem er sameignarfélag ákærða og eiginkonu hans, bókaútgáfu og ljósmyndaþjónustu.

Ákærði kveðst ekki hafa rekið þessa starfsemi í eigin nafni og segir að ekki sé um ljósmyndaíðnað að ræða að sínu mati. Telur hann sig því ekki þurfa á iðnréttindum í ljósmyndun að halda við þessa starfsemi, en hann hafi stofnað fyrirtækið til þess að halda framangreindri starfsemi í rekstrarlegri einingu og að hafa reksturinn í löglegum farvegi fjárhagslega, en starfsemin sé aukastarf.

Ákærði kveðst líta á þá starfsemi, sem hann er ákærður fyrir, sem heimilisiðnað og listsköpun í frístundum.

Ákærði hefur starfað sem prentari hjá Leturprenti að mestu leyti frá því hann lauk námi í prentverki og síðasta 1½ árið sem prentsmiðjustjóri. Þá hefur ákærði starfað sem útlitsteiknari og ljósmyndari hjá dagblöðum.

Ákærði segir að leitað hafi verið til sín frá Alþingi vegna handbókar þingsins árið 1984 og hann beðinn um að taka myndir af þingmönnum. Tók ákærði það að sér og tók myndirnar í þinghúsinu.

Ákærði segir að það hafi verið Helgi Bernóðusson, deildarstjóri hjá þinginu, sem leitaði til hans vegna þessa verkefnis. Ákærði þekkti hann ekki neitt áður.

Ákærði segir að hann hafi verið ráðinn af menntamálaráðuneytinu árið 1978, að hann minnr, til að leiðbeina unglíngum við ljósmyndun í Æfíng- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands. Var þetta kennarastaða. Ákærði telur þó að ekki sé hægt að kenna ljósmyndun, nema undirstöðuatriði. Þessu starfi gegndi ákærði þrjú skólaár og var þetta hlutastarf. Engar athugasemdir voru gerðar við þessa starfsemi ákærða af hálfu þeirra sem hafa sveinspróf í ljósmyndun.

Ákærði vekur athygli á því að á sama tíma og hann var við leiðbeinenda- störfín hjá unglíngunum hafi aðeins einn hinna þriggja sem kenndu ljós- myndun í Iðnskólanum til sveinsprófs verið sjálfur með sveinsbréf í iðninni.

Ákærði tekur fram að hann telji ljósmyndun sína, sem hann er ákærður fyrir að stunda, falla ekki undir skilgreininguna almenna ljósmyndun og persónulega ljósmyndun, heldur sé ljósmyndavélin tjáningarmiðill hans til að skapa myndverk, líkt og málarans að nota pensil.

Ákærði segir að það sé mat sitt að til ljósmyndunar teljist myndatakan sjálf, framköllun filmunnar og vinnsla myndarinnar, svo að hún verði full- búin til skoðunar eða birtingar. Segir ákærði, að mikið muni um það að ljósmyndarar með sveinspróf í iðninni láti ófaglært fólk annast síðasta stigið. Þá vekur ákærði athygli á því að þau fyrirtæki, sem taka að sér framköllun á filmum fyrir almenning og lokavinnslu mynda, hafi ekki í sinni þjónustu faglært fólk við þessi störf né séu eigendurnir sjálfir með sveinspróf í ljósmyndun.

Ákærði segist ekki telja neinn mun á því að taka andlitsmyndir og birta í handbók Alþingis og að taka myndir fugla og birta í handbók fugla.

Vitnið Helgi Bernóðusson, Kaplaskjólsvégi 65 í Reykjavík, kveðst hafa haft umsjón með útgáfu handbókar Alþingis 1984. Þegar ákveðið var að hafa myndir af alþingismönnum í bókinni leitaði vitnið í huga sér að ein- hverjum sem gæti tekið það að sér. Datt þá vitninu ákærði í hug, en vitnið vissi að hann hafði verið verðlaunaður fyrir ljósmyndir. Auk þess hafði vitnið notað bækur sem í voru ljósmyndir eftir ákærða. Þetta réð því að

vitnið leitaði til ákærða. Hvarflaði það ekki að vitninu að ákærði hefði ekki iðnréttindi í greininni og enginn hafði orð á því.

Vitnið segir að aðstandendur bókarinnar hafi verið ánægðir með árangurinn af myndatökum ákærða í bókinni, en tveir þingmenn hafi óskað eftir því að leggja sjálfir til myndir í bókina eftir að þeir höfðu séð myndir ákærða.

Vitnið Þórir Halldór Óskarsson ljósmyndari, Háteigsvegi 10 í Reykjavík, kveðst vera formaður Ljósmyndarafélags Íslands, en í því eru bæði meistarar og sveinar í iðninni.

Vitnið segir að ljósmyndaiðn sé taka mynda og hvers kyns frágangur, svo að myndir séu frágengnar til afgreiðslu til viðskiptavina. Í þessu felst framköllun, kópering, stækkun og retús.

Vitnið segir að í ljósmyndaiðn séu 60-70 manns með réttindi í iðninni. Eru þeir langflestir í félaginu.

Vitnið segir að engar takmarkanir séu á því að komast megi að í námi í ljósmyndaiðn, fremur en í öðrum iðngreinum, en vitnið telur að nú séu 10-12 nemar í ljósmyndun hér á landi.

Vitnið segir að ljósmyndarar hafi gefið eftir af starfskröfum sínum miðað við fyrri ár að meistarar væru fyrir framköllunarstofum. Vitnið getur ekki tilgreint hvaða ástæður liggja fyrir eftirgjöfunum.

Vitnið segist telja reginmun á því þegar aðilar taka myndir úti í náttúrunni sjálfstætt og á eigin ábyrgð og hinu þegar aðilar taka gagngert að sér einstök verkefni eins og t.d. myndatökur fyrir handbók Alþingis.

Vitnið kveðst þeirrar skoðunar að ljósmyndir geti flokkast undir list við vissar aðstæður, en svo hafi ekki verið þegar ákærði tók myndirnar af þingmönnum.

Vitnið segir að það sé grundvallarmunur á því hvort maður fer og tekur að sér gagngert myndatökur fyrir tiltekinn aðila eða fer út í náttúruna til dæmis til að taka myndir af fuglum.

Vitnið Gunnar Borgþór Gunnarsson litmyndagerðarmaður, Hálsaseli 41 í Reykjavík, kveðst reka litmyndagerð hér í borginni, sem heitir Litsel. Er vitnið eini starfsmaðurinn og starf þess fólgið í því að taka við framkölluðum filmum frá ljósmyndurum og í því efni kveðst vitnið ekki gera mun á því hvort viðkomandi hefur réttindi í iðninni eða ekki. Þegar vitnið hefur fengið filmuna setur það myndina á pappír og sendir hana síðan þannig til ljósmyndarans, sem fullvinnur myndina með því að ganga endanlega frá henni fyrir viðskiptavininn og þá á sína ábyrgð. Segir vitnið að ljósmyndarar geri mismunandi kröfur og þá aðallega um litablæ og ef þeir séu ekki ánægðir, sendi þeir myndirnar til baka til endurvinnslu. Er vitninu kunnugt um að flestir viðskiptamenn þess reka ljósmyndastofu.

Vitnið Hákon Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður, Haukshólum 6 í Reykjavík, hefur staðfest áðurgreinda skýrslu sína við meðferð málsins.

Niðurstöður.

Sannað er með játningu ákærða sjálfis og öðrum gögnum málsins að hann hafi allt frá árinu 1983 og fram á þetta ár rekið að Framnesvegi 31 í Reykjavík ljósmyndafjónustu undir firmanafninu Skíma sf., sem er sameignarfélag ákærða og eiginkonu hans. Ákærði kveðst hins vegar ekki hafa rekið þessa starfsemi í eigin nafni og segir að ekki sé um ljósmyndaiðnað að ræða að sínu mati. Telur hann sig því ekki þurfa á iðnréttindum í ljósmyndun að halda við þessa starfsemi. Lítur ákærði á þá starfsemi, sem hann er ákærður fyrir, sem heimilisiðnað og listsköpun í frístundum og að um aukastarf sé að ræða. Kveðst hann hafa starfað einn hjá Skímu að þeirri starfsemi sem hún hefur haft með höndum og hann hafi aldrei auglýst. Sé fyrirtækið stofnað til þess að halda framangreindri starfsemi í rekstrarlegri einingu og að hafa reksturinn í löglegum farvegi fjárhagslega.

Ákæra málsins lýtur að þeim sakargiftum að ákærði hafi rekið ljósmyndaiðnað og ljósmyndafjónustu án nokkurra iðnréttinda í ljósmyndaiðn og fyrir að hafa selt slíka fjónustu þeim er eftir henni leituðu og kaupa vildu, þ. á m. andlitsmyndir af 59 alþingsmönnum fyrir handbók Alþingis 1984 sem útgefin var 1984 af Alþingi.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 558/1981 um iðnfræðslu er ljósmyndun löggilt iðngrein og skiptist í almenna ljósmyndun og persónuljósmyndun. Þá skulu samkvæmt 8. gr. iðnaðarlaga nr. 42, 1978, iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Eins og áður greinir er sannað að ákærði stofnaði ásamt eiginkonu sinni fyrirtækið Skímu sf., að hann sjálfur segir í þeim tilgangi að halda aukastarfi sínu, sem sé heimilisiðnaður og listasköpun, í rekstrarlegri einingu, en ákærði starfaði einn að þessu án þess að fyrirtækið nyti forstöðu meistara í ljósmyndun, enda þótt annað verkefni fyrirtækisins hafi verið ljósmyndafjónusta.

Ekki verður á það fallist að rekstur Skímu sf. sé alfarið heimilisiðnaður og listasköpun. Verður að telja að sú háttsemi að taka að sér ákveðin ljósmyndaverkefni og áskilja sér greiðslu fyrir sé iðnrekstur og til slíks þurfi iðnréttindi í ljósmyndun. Verður að telja sannað að ljósmyndafjónusta ákærða sé meira en eingöngu listsköpun í frístundum. Skiptir þá eigi máli þótt ljósmyndun ákærða sé unnin sem aukastarf. Þá þykir sú háttsemi ákærða að taka að sér myndatökur fyrir Handbók Alþingis 1984 gegn greiðslu augljóst iðnlagabrot en í bókinni er nafn ákærða en ekki Skímu tilgreint. Hefur ákærði því einnig staðið að myndatökum í eigin nafni.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er því sannað, að ákærði sé sekur um það sem honum er gefið að sök í ákærinni og þar er rétt fært til refsí-

ákvæða. Myndirnar í handbókinni eru þó af 58 (ekki 59) þingmönnum og ráðherra utan raða alþingismanna.

Sakaferill ákærða.

— — —

Refsing.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Sakarkostnaður.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað. Verjandi ákærða, Sigmundur Hannesson héraðsdómslögmaður, hefur afsalað sér málsvarnarlaunum í málinu ef ákærði verði sakfelldur. Verða honum því eigi ákvörðuð málsvarnarlaun.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristján Ingi Einarsson, greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
